

Forsætisráðuneyti
Skrifstofa jafnréttismála
Lækjargötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. júlí 2019

Efni: Umsögn BSRB um verkefnisáætlun um heildarendurskoðun jafnréttislaga

BSRB hefur tekið til umsagnar verkefnisáætlun um heildarendurskoðun jafnréttislaga sem sett var í samráðsgátt stjórnvalda þann 28. júní sl. BSRB fagnar því að ráðast eigi í heildarendurskoðun á jafnréttislögum. Í meginatriðum er BSRB ánægt með verkefnisáætlunina, en í umsögn þessari verður bent á tvö atriði sem bandalagið gerir athugasemdir við.

A. Launajafnrétti og vinnumarkaður og D. Bann við mismunun á grundvelli kyns

Gert er ráð fyrir því að fulltrúar aðila vinnumarkaðarins sitji í undirhópi A, sem fjallar sérstaklega um ákvæði jafnréttislaga sem tengjast vinnumarkaðnum. Í hópi D, sem fjallar um bann við mismunun á grundvelli kyns, á að fjalla um 24. gr. jafnréttislaga, sem er almennt ákvæði sem bannar mismunun, fjallar um kynferðislega áreitni og ofbeldi, heimilar sértækar aðgerðir og sérstakt tillit til kvenna vegna meðgöngu og barnsburðar. Að mati BSRB tengist 24. gr. laganna vinnumarkaðnum töluvert og því mætti skoða hvort umfjöllun um það ákvæði ætti frekar heima í hópi A. Í það minnsta þarf að tryggja að sjónarmið aðila vinnumarkaðarins komi fram í umfjöllun um ákvæðið.

B. Hlutverk Jafnréttisráðs og fleiri hlutverk varðandi stjórnslu jafnréttismála

Samkvæmt áætluninni er ekki gert ráð fyrir því að fulltrúar aðila vinnumarkaðarins sitji í þeim hópi sem hefur með hlutverk Jafnréttisráðs að gera. Ekki liggur fyrir hversu marga fulltrúa Jafnréttisráð mun hafa í hópnum, en aðilar vinnumarkaðarins eiga fjóra fulltrúa, þar af verkalýðshreyfingin tvo. Í 1. mgr. 9. gr. jafnréttislaga er fjallað um hlutverk Jafnréttisráðs og tekið fram að sérstök áhersla skuli lögð á að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Í ljósi þess að atriði tengd vinnumarkaði eru meðal helstu verkefna ráðsins telur BSRB rétt að aðilar vinnumarkaðarins komi að vinnu við þennan hluta laganna.

Fyrir hönd BSRB,



Dagný Aradóttir Pind
lögfræðingur